

**Nr. 109 / 11 Garðar*****Farþegi slasast við fall***

Skipaskr.nr. 0260  
Smíðaður: Danmörku 1964, eik  
Stærð: 103,4 brl. 108,8 bt.  
Mesta lengd: 27,83 m Skráð lengd: 24,53 m  
Breidd: 6,43 m Dýpt: 3,2 m  
Vél: Mirrlees Blackstone 364 kW 1983  
Fjöldi skipverja: 6  
Fjöldi farþega: 146



Garðar©Hafþór Hreiðarsson

**Gögn:***Lögregluskýrsla*

Málið afgreitt á fundi 9. desember 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 17. ágúst 2011 var farþegaskipið Garðar á siglingu með farþega á Skjálfandaflóa. Veður: Logn, talsverð undiralda og hreyfing.

Erlendur farþegi sem var að fara á milli þilfara úti féll niður stiga og fann fyrir eymslum í vinstri fæti og baki. Farið var með farþegann á sjúkrahús til skoðunar en svo virtist sem afleiðingar fallsins hafi ekki verið alvarlegar.

**Við rannsókn kom fram:**

- að um var að ræða fimm þrepa stiga;
- að talið var að hann hafi misst jafnvægið vegna hreyfingar á skipinu.

**Nefndarálit:**

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.